



Reykjavík, 17.mars 2017

Mál: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkurflugvallar - R16010041

Vísað er til erindis borgarráðs frá 20. febrúar sl, vegna tillögu Framsóknar og flugvallarvina um endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkurflugvallar. Í tillögunni kemur eftirfarandi fram:

„Í ljósi bréfs frá innanríkisráðherra um framtíð Reykjavíkurflugvallar er lögð fram tillaga um að a) aðalskipulag á flugvallarsvæðinu verði endurskoðað með það að markmiði að flugvöllurinn í Vatnsmýri verði settur aftur á skipulagið og b) að engar breytingar verði samþykktar á því svæði sem var undir braut 06/24, svokallaðri neyðarbraut, á meðan að samningaviðræður borgarstjóra og innanríkisráðherra fara fram um framtíð Reykjavíkurflugvallar.“

Umsögn:

a. Tillagan felur í sér grundvallarbreytingu á stefnu um framtíð Vatnsmýrar. Það ýtti væntanlega á að AR2010-2030 yrði tekið til heildarendurskoðunar. Mat á því hvort taka eigi aðalskipulag til heildarendurskoðunar fer venjulega fram í byrjun kjörtímabils að loknum sveitarstjórnarkosningum, sbr. skipulagslög, og ákvörðun um heildarendurskoðun er pólitísk. Þróun borgar, þar sem hagkvæmni og sjálfbærni er höfð að leiðarljósi, felur það óhjákvæmilega í sér að nýta land og fjárfestingar sem best. Landfrek starfsemi eða þjónusta eins og flugvöllur, er að jafnaði staðsett í útjaðri byggðar, ef nokkur kostur er á. Það er eðli borgarþróunar að slík starfsemi leiti til jaðranna, hvort sem markaður ræður för eða skynsamleg og ábyrg skipulagsstefna borgaryfirvalda. Um langt skeið hafa staðið yfir athuganir og viðræður um möguleg stæði fyrir innanlandsflugvöll innan höfuðborgarsvæðisins eða í jaðri þess. Nýjustu athugunar í þessum efnun, er varða Hvassahraun, gefa góðar væntingar og eðlilegt að fullkanna þann kost áður en gildandi stefna aðalskipulags er mögulega tekin til endurskoðunar.

b. Hæstiréttur Íslands kvað uppúr um það, þann 9. júní 2016, að áður gert samkomulag milli ríkis og borgar um lokun NA-SV braut, frá október 2013, skyldi standa og bæri að framfylgja. Viðræður milli ríkis og borgar um framtíð innanlandsflugvallar á síðustu áratugum, og þær sameiginlegu greiningar sem hefur verið ráðist í, hafa ávallt gengið útfrá því að í Vatnsmýri yrði í mesta lagi 2ja brauta flugvöllur. Samkomulagið frá október 2013, niðurstaða Hæstaréttar frá júní 2016, og sú staðreynd að umrædd flugbraut er ekki lengur til staðar í gildandi deiliskipulagi, undirstrika að ekki verður breyting þar á í komandi viðræðum. Lokun umræddrar brautar gerir það að verkum að mögulegt er að byggja upp, fyrr en ella, á vel staðsettum byggingarsvæðum fyrir íbúðir, þjónustu og atvinnustarfsemi.

Haraldur Sigurðsson